

# Fréttabréf AFLs

3. tbl. 2021

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



## Kjaramál

# Stytting vinnuvikunnar tekur tíma

Um nýliðin mánaðamót tóku gildi ákvæði kjarasamninga um styttingu vinnuviku vaktavinnufólks hjá ríki og sveitarfélögum. Formaður AFLs segir viðbúið að nokkra mánuði geti tekið að leysa úr þeim hnökrum sem fram koma vegna breytingarinnar.

„Að semja um þessar breytingar var eitt, að yfirfæra þær yfir í raunheima er annað. Fyrstu vaktaskrárnar voru gefnar út með mánaðarfyrirvara og þegar hafa komið upp ýmsir núningar. Ég á von á að agnár og misskilningur eigi eftir að koma í ljós fram eftir sumri,“ segir Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs Starfsgreinafélags.

Samið var um styttingu vinnuvikunnar í síðustu kjarasamningum. Hún tók gildi um áramóttin hjá dagvinnufólki en um síðustu mánaðamót hjá vaktavinnufólki. „Það hefur lengi verið krafa verkalyðshreyfingarinnar að vinnutími vaktavinnufólks verði stytstur og það er loks að verða að veruleika. Vaktakerfið er þó flókið og verður að mínu viti ekki einfaldara við þetta. Þetta snýst ekki bara um styttingu vinnuvikunnar, heldur er vægi vinnuskyldu mismunandi eftir því hvenær sólarhrings er unnið og því hvatar til vakta eins og greiðslur fyrir að vinna á mismunandi tímum,“ útskýrir Hjördís.

Í kjölfarið var settur á stýrihópur atvinnurekenda og verkalyðsfélaga um styttinguna en sérstök verkefnisstjórn heldur utan um innleiðinguna. Settur var upp fræðsluvefur, betrivinnutími.is þar sem finna má helstu upplýsingar um útfærsluna. „Þar eru kynningarmyndbönd og upplýsingar. Við höfum hvatt okkar félagsmenn til að skoða vefinn þótt við svörum líka þeim spurningum sem okkur berast. Það er mikilvægt að starfsfólk skilji breytingarnar vel því þær eru viðamiklar.“

## Vetrarfrí, þriggja daga helgar, fleiri mætingar

Hjördís bendir á að nafn vefsins vísi í markmið breytinganna, sem er að vinnutíminn verði ekki bara styttri

heldur fyrst og fremst betri. Um það snúast helstu ágreiningsefnin. „Við höfum rekist á að stofnanir stytta vaktir þannig að félagsmann okkar þurfa að mæta jafn oft. Þá er styttingin útfærð þannig hjá fólki í hlutastarfi að það vinnur sama vinnutíma en hlutfallið hækkar. Í einhverjum tilfellum hefur þeim verið gert að mæta oftar en vinna skemur í einu. Það er ekki betri vinnutími,“ segir Hjördís.

Dæmin eru fleiri. Í kjarasamningum hefur verið undanþáguákvæði um lágmarkshvildartíma sem gerir vaktavinnufólki það kleift að taka einu sinni á hverju tímabili styttri hvíld milli vakta, til dæmis fara af kvöldvakt í stutta hvíld fyrir morgunvakt og ná þar með þriggja daga helgarfríi. „Túlkun verkefnisstjórnarinnar hefur verið að þetta sé ekki betri vinnutími og það er rétt að ekki er æskilegt að hvílast bara í átta tíma, en þetta getur skipt fólki máli. Þessi heimild er enn til staðar og við höfum sagt þeim vinnustöðum sem spurt hafa að á þessu sé engin breyting,“ segir Hjördís Þóra.

Eins hafa komið upp deilur um vetrarfrí. Samkvæmt eldri kjarasamningum var ekki greitt fullt álag á vinnu á lögboðnum frídögum sem falla á virka daga. Á móti söfnuðust upp tímar sem fólk nýtti í nokkra samfellda frídaga, svo sem vetrarfrí. Í nýju samningunum er gert ráð fyrir að starfsfólk safni ekki upp frítímum heldur taki þá út innan vaktatímabils. Það myndi þýða að margir myndu missa vetrarfríin en í samningunum er ákvæði um að þeir sem óska eftir að halda þeim eigi rétt á því.

## Illu gengið hjá sveitarfélögum

Sem fyrr segir styttest vinnutími dagvinnufólks um áramóttin. Hjördís Þóra segir það hafa tekist misjafnlega. Helstu hnökarnir snúa að neysluhléum.

„Styttingin getur mest orðið fjórar stundir á viku þannig vinnutíminn yrði 36 tímar. Það byggir á að kaffihlé eru ekki lengur hluti af skilgreindum frítíma heldur að



starfsmaðurinn taki hlé þegar það hentar starfsemi. Þetta er síðan útfært á hverjum vinnustað fyrir sig. Þar sem engin niðurstaða næst fær fólk þó 13 mínútur á dag, eða alls 65 mínútur á viku, sem er lágmarksstyttingin. Þetta hefur gengið þokkalega hjá ríkinu en engan vegin hjá sveitarfélögum. Þar hafa flestir félagsmenn aðeins fengið 65 mínútuna styttingu á vinnuvikunni. Við höfum jafnvel heyrt dæmi af vinnustöðum þar sem breytingarnar voru kynntar

þannig að fólk fengi enga kaffitíma út af styttingu vinnuvikunnar. Það er hins vegar stofnanna að útfæra styttinguna þannig hún komi ekki fram á þjónustunni.“

Hjördís Þóra vonast þó til að þetta standi til bóta. „Það hefur mikil umræða í kringum styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki. Ég held að hún vekji dagvinnufólkið líka til meðvitundar.“

*Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir*

# Þannig virka MÍNAR SÍÐUR!

www.asa.is

Á vefsvæði AFLs Starfsgreinafélags á hver einasti félagsmaður „mínar síður“. Upplýsingar og aðgerðir á mínum síðum hafa verið í þróun síðustu ár og á næstu mánuðum verður bætt við gagnlegri virkni. Félagið hefur aldrei kynnt „mínar síður“ formlega fyrr en nú – en hér verður vakin athygli á því helsta sem unnt er að gera á síðunum.

**Innskráning** – félagsmenn skrá sig inn á mínar síður af heimasíðu félagsins og unnt er að nota lykilorð sem félagið gefur út, rafræn skilríki eða Íslykil. Við reiknum með að hætta notkun eigin lykilorða á næstu mánuðum og eftir það verður aðeins unnt að nota rafræn skilríki eða Íslykil.

## Skýringar við yfirlitsmynd.

1. Félagsmenn eiga sérstaka flipa fyrir flest undirkerfi félagsins. Þannig er unnt að sjá alla styrki sjúkrasjóðs, yfirlit yfir sjúkradagpeninga, **orlofsleigur**, viðskipti við vefverslun, iðgjaldasögu ofl.
2. Tveir nýjrir flipar hafa bæst við síðustu vikur. Annar er yfirlit yfir öll skeyti sem félagið sendir þér og hinn er „atvikaskrá“ þar sem haldið er utan um „atvik“. T.d. gæti slæm umgengni um orlofsíbúð verið skráð þarna. Félagsmenn eiga rétt á að sjá það sem tengist þeirra nafni í kerfum félagsins – þess vegna var þessi flipi opnaður.
3. Tungumálafáni. Við sýnum þarna á hvaða tungumáli félagsmaður skoðar „mínar síður“. Það hjálpar starfsfólki að ákveða á hvaða tungumáli t.d. skeyti til viðkomandi félagsmanns fara. Þegar send eru fjöldaskeyti á marga félagsmenn og þau eru á þremur tungumálum – ræður þessi merking hvaða skeyti félagsmaðurinn fær.
4. Hér er hægt að breyta hluta persónuupplýsinga. Það er hægt að setja inn eða breyta upplýsingum um símanúmer, netfang og bankareikning. Einnig er hægt að skrá annað pósthfang ef félagi hefur aðsetur annars staðar en á lögheimili.
5. Yfirlit yfir útgefin félagsskírteini. Ath. – félagsmaður ber sjálfur ábyrgð á því að útgefin félagsskírteini séu rétt skráð. Aðgangshemildir á orlofsíbúðir eru opnaðar á fleiri skírteini og hafi óviðkomandi þau skírteini undir höndum – getur viðkomandi fengið aðgang að íbúðinni. Félagsmenn geta virkjað og óvirkjað skírteini. **Sjá skýringamynd.**
6. Hér hlekkur til að bóka orlofsíbúð eða hús. Einnig kemur fram hversu marga leigudaga félagi getur bókað.
7. Hér eru hlekkir til að sækja um annars vegar styrk sjúkrasjóðs og hins vegar sjúkradagpeninga. Einnig kemur fram hér hversu mikil réttindi félagsmaður hefur. Félagsmenn sem eru að hefja störf geta verið nokkra mánuði að öðlast 100% rétt.
8. Hér er hlekkur á umsókn í menntasjóði. Þarna koma líka fram upplýsingar um hvaða menntasjóði félagsmenn eiga réttindi í. Ef félagsmaður á rétt í tveimur menntasjóðum samtals 100% - leggjum við réttinn saman til að greiða fullan styrk.
9. Hér er „flýttisyn“ á það sem er í gangi hverju sinni – þ.e. tvær síðustu hreyfingar í hverjum flokki í kerfinu.



## Bókunarflípi

1. Félagsmenn geta nálgast leigusamning sinn hér um leið og leiga er fullgreidd. Leigusamningur verður ekki til fyrr en leiga er greidd – en þá birtist hann hér í pdf formi.
2. Ef félagismaður vill fá leigusamninginn í tölvupósti er nóg að smella á umslagið.
3. Óski félagismaður eftir að setja athugasemd við leigu - t.d. ábending um eitthvað sem betur má fara – er hægt að gera það hér.
4. Með því að smella á „i“ er hægt að opna upplýsingaglugga þar sem yfirleitt allar aðgerðir sem tengjast bókuninni eru birtar. Hægt er að vista þessa „aðgerðasögu“ í excel.

5. Ef leiga er felld niður einhverra hluta vegna og sótt um endurgreiðslu – getur félagismaður fylgst með framgangi endurgreiðslubeiðni með því að smella á stækkunarglerið.

## Verðlaun í sumarmyndaleik

Árleg ljósmyndasamkeppni AFLs var á sínum stað í fyrra þrátt fyrir Covid-faraldurinn. Hefð er komin á að veita verðlaun fyrir bestu myndina úr dvöl félagsmanns með fjölskyldu sinni í orlofshúsi félagsins. Verðlaunahafi síðasta árs var Sigríður Sandra Benediktsdóttir úr Skriðdal sem tók mynd af sonum sínum í orlofsdvöl í bústað félagsins í Ölfusborgum í júlí í fyrra. Myndin þrýðir forsiðu nýjasta orlofsbæklings félagsins.



Lilja Björk Ívarsdóttir, starfsmaður AFLs á Seyðisfirði og Egilsstöðum, afhenti henni nýverið verðlaunin, Canon M50, myndavél.

Myndasamkeppnin verður á sínum stað í ár. Veitt verða tíu verðlaun, ein fyrir hvern orlofshúsastað. Fyrstu verðlaun eru myndavél að verðmæti 100.000 krónur en önnur verðlaun eru helgardvöl í orlofsíbúðum félagsins í Reykjavík eða Akureyri. Myndir í samkeppnina þarf að senda á myndir@asa.is fyrir 2. september.

## Mínar síður AFLs Starfsgreinafélags

**Yfir 70% félagsmanna AFLs bóka sjálfir orlofsleigur sínar og ganga frá greiðslu. Um 40% félagsmanna skrá umsóknir sínar um styrki sjúkrasjóðs og starfsmenntasjóða á mínum síðum og setja nauðsynleg fylgiskjöl á umsóknina.**


Þetta hefur þýtt að félagið hefur verið rekið með sama starfsmannafjölda síðustu 13 ár þrátt fyrir verulega aukin umsvif t.d. í rekstri orlofsíbúða. Þannig hefur fjöldi orlofsleiga rúmlega þrefaldast síðan 2012.

Einnig hefur sala annarra orlofskosta aukist verulega en með tilkomu vefverslunar félagsins – hefur sala orlofskosta einnig verið að færast í „sjálfsafgreiðslufyrirkomulag.“


Þetta hefur líka haft í för með sér að starfsmenn félagsins geta sinnt erindum félagsmanna sem kalla á skoðun og umsýslu – en eru ekki bundnir yfir almennri afgreiðslu.

„Mínar síður“ AFLs hafa verið í stöðugri þróun síðustu ár og hér í fréttabréfinu er ýtarleg kynning á þeim upplýsingum sem þar eru og hvað félagsmenn geta gert þar.

Hlutfall félagsmanna sem bóka sjálfir



Umsóknir sem félagsmenn fylla út sjálfir



## Endurnýjun lokið á Vopnafirði


Endurnýjun á suðurenda í húsi AFLs að Lónabraut 4 á Vopnafirði er lokið. Verkið var unnið af trésmíðjunni Mælifelli ehf. undir forystu Steindórs Sveinssonar. Nýr leigutaki húsnæðisins er Edze Jan de Haan, sjúkraþjálfari sem hefur flutt sjúkraþjálfun sína þangað.



Steindór afbendir Sverri Albertssyni lykilinn að húsnæðinu eftir endurbæturnar.



Skrifað undir samning við Edze.



Aðstaðan að Lónabraut eftir endurbæturnar.